

um hans. Málskostnað fyrir yfirdómi verður hinn ákærði og að greiða, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Hinn ákærði, Edilon Stefánsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verja fyrir yfirdómi, málsfærslumannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Iðgjöldin ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og skal honum fullnægt undir aðför að lögum.

Mánudaginn 22. septembermán.

Nr. 11/1890.

Tryggvi Gunnarsson og

Halldór Pjetursson

gegn

Bjarna Arngrímssyni.

D ó m u r :

Hinn 17. febrúarmán. 1864 fekk Friðfinnur Þorláksson gullsmiður á Akureyri leyfi ekkjunnar Guðrúnar Sigurðardóttur á Vöglum til að veðsetja fyrir peningaláni, að upphæð 150 kr., er hann fekk síðar 8. marz s. á. úr Möðrufells spítala-sjóði (nú landssjóði), 3 hdr.

úr eignarjörð hennar Skriðu í Hörgárdal, en Friðfinnur veðsetti aptur ekkjunni samdægurs (sem varaveð) timburhús, er hann átti á Akureyri, og var veðsetningarskjal það þinglesið þar á eptir. Nú leið og beið, og dó nefnd ekkja, en tengdasonur hennar, stefndi, Bjarni Arngrímsson á Skútum, eignaðist hin veðsettu 3 hdr. í Skriðu eptir hana, og þegar hann fjekk vitneskju um, að áðurnefnt lán hvíldi ennþá á þessum 3 hdr. og var krafinn um borgun á láninu og vöxtum af því síðan 11. júní 1884, þá höfðaði hann mál þetta gegn áfrýendunum, sem núverandi eigendum fyrgreinds húss, er Friðfinnur Þorláksson hafði átt og sett sem varaveð fyrir láninu, en Friðfinnur var þá dáinn fyrir nokkrum árum. Var málið dæmt í aukarjetti Akureyrar 3. desbr. mán. f. á. með þeim úrslitum, að áfrýendurnir, kaupstjóri Tryggvi Gunnarsson, og Halldór Pjetursson, voru dæmdir til að greiða stefnda, sem eigendur hins umrædda húss, höfuðstól lánsins til Friðfinns Þorlákssonar, 150 kr., ásamt 4% vöxtum af því frá 11. júní 1884 til borgunardags. Svo skyldu þeir og greiða honum í málskostnað 10 kr.

Áfrýendurnir hafa krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að tjeður dómur verði ómerkur dæmdur og málinu vísað frá undirrjettinum, eða til vara, að þeir verði dæmdir sýknir af öllum kærum og kröfum stefnda í málinu, svo og að hann verði, hvernig sem fer, skyldaður til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu með 50 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Af hendi stefnda, sem hefur gjafvörn fyrir yfirdómi, hefur hinn skipaði talsmaður hans aptur á móti krafizt þess, að undirrjettardómurinn verði staðfestur og áfrýendurnir skyldaðir in solidum til að greiða allan málskostnað fyrir yfirdómi eptir rjett-

arins mati, eins og málið væri eigi flutt með gjafsókn, þar með talin málfærslulaun til sín.

Ómerkingar- og frávisunarkrafa áfrýðandanna, sem er byggð á því, að þeim hafi eigi verið löglega stefnt til undirrjettar, verður ekki tekin til greina þegar af þeirri ástæðu, að mótmæli í þá átt komu eigi nægilega fram fyrir undirrjettinum.

Hvað efni málsins snertir, verður að álíta, að framangreint veðsetningarskjal, 17. febr. 1864, — sem stefndi hefur lagt fram eptirrit af úr veðmálabókinni, en að eins part af frumritinu, sem virðist vera -- beri að skilja svo, að Guðrúnu Sigurðardóttur hafi með því verið veittur rjettur til að ganga að húsi Friðfinns, er sett var sem varaveð, ef hún biði nokkurt tjón af veðsetningunni á 3 hdr. í Skriðu, en þar sem stefndi hefur eigi upplýst frekara, en að hann hafi verið krafinn um borgun á láni Friðfinns Þorlákssonar ásamt hinum umræddu vöxtum, en ekki að hann hafi greitt lánið eða á annað hátt öðlzt rjett til að innheimta það og gefa fullnægjandi kvittun fyrir því, þá getur hann ekki krafizt þess, að áfrýðurnir greiði það af hendi til sín, jafnvel þótt eigi yrði á það lítið, að hann eigi getur sýnt eða afhent við greiðsluna ógallað frumrit veðbrjfsins. Það verður því að breyta hinum áfrýjanda dómi þannig, að áfrýðurnir skulu vera sýknir af kærnum og kröfum stefnda. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir atvikum rjett að falli niður. Málfærslulaun verða eptir úrslitum málsins eigi dæmd hinum skipaða talsmanni stefnda. — Að því mál þetta er flutt með gjafsókn, vottast, að málsfærslan hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjendurnir Tryggvi Gunnarsson og Halldór Pjetursson eiga fyrir kærnum og kröfum stefnda Bjarna Arngrímssonar í þessu máli sýknir að vera. Málskostnaður falli niður.

Nr. 16/1890.

Hans Guðmundsson
gegn
Ólafi Oddssyni.

D ó m u r :

Þetta mál er í hjerði höfðað af hinum stefnda Ólafi Oddssyni gegn áfrýjandanum Hans Guðmundssyni fyrir það, að áfrýjandinn hafi dróttað að stefnda sauðapjófnaði og komið til leiðar ólöglegri þjófaleit hjá honum og með þessu móti ærumeitt hann. Málið var dæmt í aukarjetti Eyjafjarðarsýslu, 18. nóv. f. á., á þann hátt, að Hans Guðmundsson skyldi greiða 20 kr. sekt í landssjóð og að auk 20 kr. í málskostnað.

Þessum aukarjettardómi hefur Hans Guðmundsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 15. apríl þ. á., og eru hans rjettarkröfur þessar: fyrst og fremst, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur, en til vara, að áfrýjandinn verði algjörlega sýknaður í málinu. Auk þessa krefst hann málskostnaðar fyrir báðum rjettum, að minnsta kosti 150 kr.

Á hinn bóginn er það krafa hins stefnda Ólafs Oddssonar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandinn verður dæmdur til aðgreiða málskostnað fyrir yfirdómi, 80 kr. að minnsta kosti.